

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10. 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 6. október 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 79 frá 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl.

1. gr.

Ný 3. málsgrein. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Viðskiptamálaráðuneytið ákveður, að höfðu samráði við Seðlabankann, skilyrði, sem innflytjendur hvers konar vara þurfa að fullnægja við gjaldeyriskaup eða innlausn vöruskjala, þar á meðal innborganir fjár, sem heimilt er að binda í banka-reikningi um ákveðinn tíma. Ákvæði þetta getur einnig náð til gjaldeyriskaupa til annars en vörukaupa, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., og öðlast gildi nú þegar.

Viðskiptamálaráðuneytið, 27. október 1967.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

REIKNINGUR

berklavarnasjóðs Ólafs Halldórssonar.

Ársreikningur 1964, 1965 og 1966.

Höfuðstóll:

Eign 1. janúar 1964 skv. birtum reikningi	kr. 6 402.71
Aukning skv. eftirfarandi reikningi	— 1 800.25

Kr. 8 202.96

Eignir sjóðsins eru:

Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands hf.	kr. 2 000.00
Innstæða í sparisjóði	— 6 202.96

 Kr. 8 202.96

Tekjur:

Arður af hlutabréfum í Eimskipafélagi Íslands hf. 1962—1966	kr. 860.00
Vextir af sparisjóðsinnstæðu	— 940.25

 Kr. 1 800.25

Gjöld:

Lagt við höfuðstólinn	kr. 1 800.25
-----------------------------	--------------

 Kr. 1 800.25

Forsætisráðuneytið, 6. september 1967.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

Nr. 164.

REIKNINGUR**Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1965.****A. Rekstrarreikningur:**

Tekjur:

1. Hluti af söluskatti og aðflutningsgjöldum	kr. 161 006 864.08
Of-úthlutað 1964	kr. 515 158.37
Flutt til næsta árs	— 392 706.36

 907 864.73

kr. 160 098 999.35

2. Landsútsvör	— 47 971 319.00
3. Vextir	— 1 106 751.96

 Kr. 209 177 070.31

Gjöld:

1. Framlög til sveitarfélaga:	
a. Af söluskatti	kr. 153 579 505.20
b. $\frac{3}{4}$ hlutir landsútsvara	— 36 042 481.00

 kr. 189 621 986.20

2. Landsútsvör sveitarfélaga ($\frac{1}{4}$ hluti)	— 11 928 838.00
3. Aukaframlög	— 5 170 000.00
4. Bætur og styrkir	— 933 321.00
5. Kostnaður	— 10 120.00
Tekjur umfram gjöld	— 1 512 805.11

 Kr. 209 177 070.31